
42 MENNING
Spyrja spurninga og leita svara
43 MENNING
SAMBÍÓIN
Nánari upplýsingar um sýningartíma á sambio.is
ONE LIFE
DUNE
Þangað vil ég fljúga
RÉTTUR ÞEIRRA SEM NENNA EKKI AÐ ELDA

Morgunblaðið, 16.03.2024, síðu 42.
grein stærð: 92.15 sm2
grein hæð: 8.96 sm

Yfirlitssýning yfir feril Borghildar

Sýning með yfirskriftinni *Borghildur Óskarsdóttir: Aðgát* verður opnuð á Kjarvalsstöðum í dag, laugardaginn 16. mars, kl. 15. Um er að ræða yfirlitssýningu yfir listferil Borghildar Óskarsdóttur (f. 1942), en hann spannar um sex áratugi og hún er enn að.

„Á sýningunni *Aðgát* er varpað ljósi á frjóan og margþættan feril Borghildar, listnálgun og verk, en samhliða sýningunni er gefin út vönduð bók þar sem verk hennar eru sett í samhengi við listir og fræði, sögu og samtíma," segir í tilkynningu.

„Borghildur vinnur verk sín í fjölbreytilega miðla listsköpunar; grafík, teikningu, texta, málverk, höggmyndir, ljósmyndun, vídeó, hljóð, bókverk, innsetningar, gjörninga og þannig mætti telja áfram. Enginn efniviður eða leið



Myndlistarsýning „Enginn efniviður er Borghildi óviðkomandi."

til framsetningar myndverka er Borghildi óviðkomandi."

Aðgát er sögð fjölbreytt og yfirgripsmikil sýning sem er afrakstur rannsóknarvinnu Aðalheiðar Lilju Guðmundsdóttur, sem jafnframt er sýningarstjóri. Sýningin stendur til 9. júní.